



# Móakot og Gerði 19

- Uppröftur á Seltjarnarnesi -  
- Áfangaskýrsla 2013 -



Kennari:  
Sólrún Inga Traustadóttir

Nemendur:  
Haraldur Þór Hammer Haraldsson  
Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Móakot og Gerði 19

Uppgröftur á Seltjarnarnesi

Áfangaskýrsla 2013

Námsritgerð.

Haraldur Hammer Þór Haraldsson

Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir

**Forsíðumynd:** Ljósmynd 100-193 úr uppgreftri. Tekin í norðaustur af Jakobi Orra Jónssyni

## Efnisyfirlit

I. Kynning.....	1
Bakgrunnur verkefnisins.....	1
Fyrri rannsóknarvinna .....	1
Ritaðar heimildir .....	4
Markmið og aðferðir .....	5
II. Lýsing.....	8
Yfirlit yfir byggingastig og aldursgreiningar.....	8
Móakot .....	8
Gerði 19 .....	10
Lýsingar á mannvirkjum.....	11
Móakot .....	11
Gerði 19 .....	11
III. Gripir.....	13
Móakot .....	13
1. Málmar fjöldi: 226. 4532 g. ....	14
1.1. Járn – fjöldi: 216. 4405 g.....	14
1.2. Koparblanda – fjöldi: 7. 50 g.....	16
1.3. Járngjall – fjöldi: 3. 33 g. ....	17
1.4. Aðrir flokkar – fjöldi: 2. 51 g. ....	17
2. Gler fjöldi: 102. 3193 g. ....	17
2.1. Flöskugler - fjöldi: 65: 2801 g. ....	17
2.2. Rúðugler - fjöldi: 4. 15 g. ....	19
2.3. Annað sértækt- fjöldi: 4. 10 g. ....	19
2.4. Óflokkuð glerbrot - fjöldi: 29. 367 g. ....	19
3. Keramik fjöldi: 97. 1479 g. ....	19
4. Bergtegundir fjöldi 34. 3618 g. ....	21
4.1. Steinar/Óþekkt – fjöldi: 24. 2802 g.....	21
4.2. Vikur – fjöldi: 9. 262 g.....	22
4.3. Gjall – fjöldi: 11. 370 g.....	22
4.4. Flöguberg – fjöldi: 8. 144 g. ....	22
4.5. Annað – fjöldi: 3.40g.....	22

5. Múrsteinar fjöldi: 37. 2007 g.....	23
6. Viður fjöldi: 18. 418 g.....	23
7. Kol.....	23
8. Plast.....	23
Gerði.....	24
1. Bergtegundir fjöldi: 5. 67 g.....	24
2. Málmar fjöldi: 14. 209 g.....	24
3. Gler fjöldi: 3. 21 g.....	24
4. Keramik fjöldi: 3. 7 g.....	25
5. Múrsteinarfjöldi: 1. 4 g.....	25
6. Kol fjöldi: 1. 14 g.....	25
IV. Dýrabein og skeljar.....	25
Dýrabein.....	25
Skeljar.....	25
V Túlkun.....	26
Myndunarferli svæðisins.....	26
Útlit mannvirkja.....	27
Nytjavörur.....	28
Efnahagur.....	28
Hlutverk mannvirkjanna.....	28
Annað.....	29
VI Heimildaskrá.....	31
VII Myndaskrá.....	32
VIII Skrá yfir teikningar.....	33
IX Skrá yfir töflur.....	33
X Skrá yfir kort.....	33
XI Viðaukar.....	34
Ljósmyndaskrá.....	34
Gerði 19.....	34
Móakot.....	34
Jarðlagaskrá.....	36
Gerði 19.....	36
Móakot.....	37
Flæðirit (e. <i>Stratigraphic matrix</i> ).....	38


Gerði 19 .....	38
Móakot .....	38
Sýnaskrá.....	39
Gerði 19 .....	39
Móakot .....	40
Skrá yfir skeljar .....	41
Móakot .....	41
Skrá yfir dýrabein.....	42
Gerði 19 .....	42
Móakot .....	42
Gripaskrá .....	43
Gerði 19 .....	43
Móakot .....	45
Teikningar .....	79
Gerði 19 .....	79
Móakot .....	81

# I. Kynning

## Bakgrunnur verkefnisins

Fornleifauppgröftur fór fram á Móakoti og Gerði 19 á Seltjarnarnesi á vegum Háskóla Íslands í maí 2013. Uppgrafarleyfi hafði Gavin Lucas, deildarstjóri fornleifafræðideildar við Háskóla Íslands. Tilgangur verkefnisins var að gera rannsókn á koti sem líklegast væri frá 18. Öld og komast að hlutverki eins gerðanna sem finna má á Nesi (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, 1995). Einnig skyldi nýta tækifærið í þeim tilgangi að kenna nemendum í fornleifafræði við Háskóla Íslands til verka á vettvangi. Gavin Lucas stóð fyrir rannsókninni en Guðmundur Ólafsson fór með umsjón nemenda, sem og Angelos Parigoris, Jakob Orri Jónsson, Lóa Júlía Antonsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. Nemendur námskeiðsins voru Haraldur Þór Hammer Haraldsson, Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir, Ingibjörg Vigdís Ottósdóttir, Ármann Dan Árnason, Jóhann Gunnar Malmquist, Ísrún Albertsdóttir, Atli Rúnarsson, Guðrún Þóra Friðriksdóttir, Hermann Jakob Hjartarson, Aron Þór Kristjánsson, Atli Snorri Agnarsson, Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Viktoría Halldórsdóttir.

Staðirnir tveir liggja í Seltjarnarnesi nærri Gróttu upp við Nesstofu og sést vel bæði á jörðu sem og á loftmyndum að um fornleifar sé að ræða á svæðinu. Móakot liggur við veg að nafni Nes sem liggur að Lækningaminjasafni Íslands en gerðið liggur lengra í vestur í átt að Bakkatjörn og Gróttu á óbyggðu flatlendi, Nestúni. Gerðið sést greinilega úr loftmyndum



ásamt öðrum gerðum á svæðinu og hefur lengi vakið forvitni rannsóknaraðila og almennings vegna listfræðilegs gildis síns (Orri Vésteinsson, 1995).

**Mynd 1:** Mynd sýnir afstöðu Gerðist 19 og Móakots í landinu. Móta sést fyrir Nesstofu neðst á myndinni. Upp er norður (Loftmyndir ehf. Sótt 04.12.13).

Svæðið hefur verið mikið rannsakað og ber þá helst að nefna samantekt Elínar Óskar Hreinsdóttur og Rúnars Leifssonar *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi* frá árinu 2006 og eru eftirfarandi upplýsingar fengnar þaðan.

Árið 1979 komu framkvæmdaraðilar niður á mannabein við Neströð 7 að Nesstofu við hitaveitulögn. Guðmundur Ólafsson var fenginn á svæðið til þess að mæla upp, teikna og lýsa fundinum. Skurður fyrir lögnina hafði þá þegar verið grafinn og hlutverk Guðmundar fólst eingöngu í lýsingu. Þrjár beinagrindur og grjóthleðslur sáust á tveimur stöðum í skurðinum auk öskuhaugs 20 metrum austan við Nesstofu.


Aftur var komið niður á mannabein ári síðar suðvestan við húsið að Neströð 7 og allmikið af beinum í norðvesturhorni Nesbala 68. Hvorugur beinafundurinn var rannsakaður og ekki liggur ljóst fyrir hvort um sé að ræða dýrabein eða mannabein við Nesbala.

1982 var grafinn profuskurður í gólf í Nesstofu sem leiddi af sér umfangsmeiri rannsókn árið 1989 þegar Seltjarnarnes fjármagnaði könnun á mannvistarlögum við Nesstofu. Grafnir voru þrjár profuskurðir í allt, tveir austan og einn vestan megin við húsið. Þeir austlægu sýndu líklegast leifar torfbæjar sem hefur staðið áður en Nesstofa var byggð en sá vestlægi innihélt 2,5 m þykkann öskuhaug með elstu leifum að minnsta kosti frá 10. öld.

Kristinn Magnússon fornleifafræðingur gróf í eitt gerðanna sem finna má í Nestúni árið 1993. Hann komst að þeirri niðurstöðu að það væri manngert og gert skömmu eftir að landnámsgjóskan féll. Um hlutverk þess gat hann ekki sagt.

1994 voru gerðar jarðsjármælingar á vegum Rótarýklúbbs Seltjarnarness þar sem búist var við að finna kirkju og kirkjugarðsleifar auk gerðanna. Vísbendingar fengust um staðsetningu kirkju í þessari rannsókn og tveggja annarra rústa um 40-50 m austan Nesstofu nærri Neströð 7. Mögulega liggja grafir á nokkuð stóru svæði umhverfis rústirnar.

Sumarið 1995 gerði Fornleifastofnun Íslands nákvæmar upp- og hæðamælingar á túnnum, gerðum og öðrum þústum á svæðinu auk þess að könnunarskurður var grafinn austan við Nesstofu og rétt innan við túngarð. Sjá má uppmælingu af Móakoti og Gerði 19 á mynd 2. Úr skurðunum voru tekin sýni til þess að meta varðveisluskilyrði jurta- og dýraleifa á Nesi og niðurstöður voru góðar. Einnig staðfestu skurðirnir vísbendingar um staðsetningu kirkjunnar en ekki fékkst leyfi frá landeiganda Neströðar 7 til þess að grafa skurðinn inn fyrir lóðamörk þar sem rústin virtist teygja sig. Leifar 7 grafa fundust í skurðinum en grafið hefur verið mjög þétt á þessu svæði. Orri Vésteinsson, stjórnandi rannsóknarinnar tók síðan saman tillögur um hvernig mætti rannsaka og gera menningarminjar svæðisins aðgengilegar fyrir íbúa Seltjarnarnesbæjar fyrir bæjaryfirvöld.




**Mynd 2** Hæðalínurit af Móakoti, neðst hægra megin (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, 1995).

einn var tekinn í gerði. Mannvirkin virtust byggð ekki löngu eftir að landnámslagið féll. A.m.k. sex gerðanna virtust vera frá svipuðum eða sama tíma. Greiningar greindu ekki mikið frekar frá hlutverki þeirra en niðurstöður þóttu benda til jarðræktar af einhverju tagi. Mögulega voru þetta heygeymslur, notaðar undir kornrækt af einhverju tagi eða þjónuðu hlutverki við ræktun og uppbyggingu túnsins. Augljóst var að þau voru hvorki híbýli manna né dýra. Fosfatsrannsóknir sögðu til um óreglulegt magn þess í túninu sem virtist safnast saman í kringum sum gerðanna og eftir því sem neðar dró. Líklegast bendir það til þess hvar finna megi mannvistarleifar í túninu (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson, 2006). Skýrslur um þessa uppgrefti má nálgast hjá Fornleifastofnun Íslands.

Eftir það var lítið um rannsóknir á næstu árum en Guðmundur Ólafsson gerði litlar rannsóknir árin 1997 vegna skipulags og aðra árið 2000 vegna minnismerkis um kirkju við Nesstofu. Skömmu eftir 2000 gerði svo Timothy Horsley viðnámsmælingar í Nestúni en hefur ekki birt niðurstöðurnar í prenti.

Margrét Hermanns-Auðardóttir gerði einnig athugun við suðurenda Nesstofu vegna

Ári síðar voru teknir 3 profuskurðir í Nestúni auk níu profuhola í gerðin. Tekin voru jarðborssýni á 10 m millibili yfir stóran hluta svæðisins fyrir fosfatsgreiningu, frjókornagreiningu og gerð viðnámsmæling. Ætlunin var að komast að tilgangi rústanna sem þar lágu. Profuskurðirnir höfðu leitt niður í tvo garða, einn einfaldan og einn tvöfaldan auk þess sem



**Mynd 3:** Hæðalínurit af Móakoti, neðst hægra megin (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, 1995).



jarðvegskönnunar Seltjarnarnesbæjar árið 2004 og vorið 2005 voru fornleifafræðingar kallaðir til er steinlögð stétt kom í ljós umhverfis Nesstofu við jarðvegsskiptingu (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson, 2006).

Námsuppgröftur fór fram á Litlabæ í Nestúni sumarið 2012. Í þeirri rannsókn var gerði þessarar rannsóknar mælt upp og fékk númerið 16241 og skráningarnúmerið 224-19. Gerðið mældist 26m x 24m í ytra þvermál og 20m að innra þvermáli. Talið var að gerðið væri skeifulaga með um það bil 7m opi (Lucas, G og Guðmundur Ólafsson, 2012). En annað kom í ljós eins og hæðamælingunni frá Fornleifastofnun 1995 bendir til og niðurstöður uppgrafar.

Þar fyrir utan hafa gerðin í Nestúni lengi vakið áhuga ljósmyndara en Björn Rúriksson tók fyrstur myndir af gerðunum 1980 og aftur 1985. Þá hefur Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur einnig tekið loftmyndir af svæðinu í millitíðinni og Landmælingar Íslands tóku innrauðar loftmyndir af gerðunum árið 1985. Garðar Guðmundsson tók mynd af gerðunum úr lofti árið 1993 er snjór lá yfir þeim og Þorgeir S. Helgason og Tryggvi Þorgeirsson árið 1995. Sama ár má sjá grein í *Árbók Hins Íslenska fornleifafélags* umfjöllun og ljósmyndir af gerðunum (Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason, 1995).

## Ritaðar heimildir

Fyrir utan framvinduskýrslur úr rannsóknum hefur samkvæmt fornleifaskráningu Rúnars og Elínar frá 2006 um sögu Seltjarnarness í heild eftirfarandi verið ritað.

Árið 1936 gerði Ólafur Lárusson ítarlega úttekt á landnámi og byggðarþróun í Seltjarnarnesi í greininni *Hversu Seltjarnarnes byggðist* og veitir þar greinargott yfirlit um líklega þróun byggðar á Seltjarnarnesi.

Björn Teitsson birti árið 1974 greinina *Byggð í Seltjarnarneshreppi hinum forna* og fjallar um svipað efni.

Guðrún Einarisdóttir vann ítarlegt verkefni í landafræðivið Háskóla Íslands eftir aldamót og hafði það í för með sér útgáfu örnefnakorts af Seltjarnarnesi.

Ágúst Ó. Georgsson gerði fornleifaskráningu í Seltjarnarnesi árið 1980 sem Birna Gunnarsdóttir fornleifafræðingur tók hana saman sama ár.

*Seltirningabók* var gefin út árið 1991 af Heimi Þorleifssyni sagnfræðingi og er þar að finna ítarlega úttekt á sögu byggðarinnar.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir sem svo:

„Móakot, sjötta hjáleiga. Jarðardýrleiki óviss. Ábúandinn Grímur Ellendsson. Landskuld 1 álnir. Betalast með iij vætt fiska í kaupstað í reikning heimabóndans. Við til húsabótar leggur hjáleigumaðurinn hingað til, en þar sem hann þrýtur leggur heimaábúandinn. Leigukúgildi i. Leigur betalast í fiski heim til heimabóndans. Kúgildið uppungir heimaábúandinn. Kvaðir eru manslán árið um kring, gelst in natura. Dagsláttur einn. Frá Besstastöðum skipaferð ein til forna ut supa. Kvíkfénaður ii kýr. Fóðrast kann ii kýr. Heimilismenn iii. Eldiviðartak af móskurði“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-34, 243).

Örnefni voru skráð á Seltjarnarnesi af Ara Gíslasyni á vegum Örnefnastofnunar sem Guðrún S. Magnúsdóttir tók saman árið 1976. Sú Örnefnaskrá segir „Í túninu milli Nýjabæjar og Ness er hóll, þar sem talið er, að hafi verið kot, Móakot,“ (Guðrún S. Magnúsdóttir, 1976, 7).

## Markmið og aðferðir

Frá þessum tíma, 18. og 19. öldinni, hefur mest verið rannsakað af heldri býlum en lítið af kotum, híbýlum stórs hluta þjóðfélagsins (Mjöll Snæsdóttir, munnleg heimild, 29.11.13). Var því aðalmarkmið rannsóknarinnar á Móakotsbæjarhólnum að kynnast efnismenningu 18. aldar kotbýlis á Íslandi betur.

Með uppgreftri á Gerði 19 var markmiðið að komast að niðurstöðu varðandi hlutverk þessara hringlaga mannvirkja á Nesi. Áhersla var lögð á sýnatöku en alls voru 38 sýni tekin innan gerðisins sem grafið var upp svo nú fékkst tækifæri til þess að gera nánari svæðisgreiningu (e. *spatial analysis*) með áherslu á innri samanburð.

Fyrir utan þetta var stór hluti uppgraftarmarkmiðsins miðað að því að veita nemendum æfingu á fornleifafræðilegum vettvangi.

Grafið var upp með einingaaðferð (e. *single context method*) á opnu svæði (e. *open area excavation*) bæði í Gerði 19 og í Móakoti. Svæðin voru mæld upp með alstöð og punktarnir sem teknir voru unnir frekar í uppsetningarkerfinu Intrasis. Einnig var teiknað með hjálp tveggja málbanda til þess að æfa nemendur og myndir teknar á stafræna myndavél. Fundir voru skráðir eftir númerakerfinu 2013-49-x, þar sem fyrsta talan táknar ár, miðjutalan táknar rannsóknanúmer frá Þjóðminjasafni Íslands og sú síðasta hlaupandi tölu funda. Fundir voru hvorki merktir inn á teikningar né mældir upp heldur safnað saman í sérstakar fötur eftir númeri hverrar einingar fyrir sig. Fundirnir voru svo skráðir í Sarp á vettvangi. Skráð var mesta lengd, breidd og hæð gripanna og þeim lýst lauslega. Farið var yfir gripina á ný í gripafræðiáfangu í fornleifafræði við Háskóla Íslands af nokkurn vegin sömu nemendum og grófu gripina upp. Þar var vigt bætt við upplýsingarnar og farið yfir þökkun og viðhangandi gripaskrá sett saman. 431 gripur var skráður á svæðinu. Gripir í gripaskránni frá

fundarnúmerum 432 – 482 eru nýskráningar sem ekki eru til í Sarpi enn sem komið er. Þetta er bæði vegna þess að ekki náðist að skrá alla gripum á vettvangi auk þess sem skipta þurfti upp nokkrum fundarnúmerum sem þóttu óheppilega samsett. Nánari útlitun á gripum má finna í gripakafli síðar í skýrslunni. Sýni voru tekin bæði í Móakoti í gerðinu og verður lýst frekar hér fyrir neðan. Alstöðin gaf hlaupandi númer fyrir sýnin. Uppgraftaraðilar voru með aðstöðu að Bygggördum 3a þar sem þeir höfðu aðgang að tölvu og geymsluplássi fyrir fundi og sýni. Einnig var þar kaffiaðstaða fyrir uppgraftaraðila.

Á gerðissvæðinu var ákveðið að opna annan enda gerðisins í suðri, 10m x 5m. Þetta sérstaka gerði varð fyrir valinu fram yfir önnur vegna þess að út frá uppmælingum frá yfirborði árinu áður við uppgröft á Litlabæ leit það út fyrir að vera lýsandi fyrir hið „venjulega“ gerði, það er að segja, skeifulaga (Lucas, G og Guðmundur Ólafsson, 2012). Í vesturenda uppgraftarsvæðisins í gerðinu var grafinn skurður, 1m x 2m, um það bil 20 cm djúpur<sup>1</sup> og sigtaður. Grafið var í gegnum yfirborðslag [47684], kolalag [48213] og torfhrunslög [49324] [49486] [49283], í gegnum sýnisskurðinn og niður í náttúrulegan jarðveg. Fyrir utan skurðinn var sigtað af handahófi úr torfhrunslögum og innra borði gerðisins. Veggurinn [49062] var látinn standa og eingöngu grafinn fram. Sýni voru tekin undir lok uppgraftrarins frá norðausturhorni með eins metra millibili yfir allt gerðið og endaði í suðvestri þar sem 80 sentímetra bil lá að enda uppgraftrarins. Einnig var tekið sýni úr kolalagi.

Á Móakotshólnum var opnað svæði í stærðinni 13m x 16m. Svæðið náði yfir nær allan hólinn. Svæðið var grafið upp með handafli en ekkert var sigtað þar sem aðallega var um hreyfð yfirborðslög að ræða. Svæðið allt var hreinsað til þess að öðlast yfirsýn. Stórt bleikt móöskulag var grafið fram yfir miðju svæðinu austanvert, sjá mynd 4, og hefur ekki verið gefið númer og tilheyrir að öllum líkindum eldri fasa á svæðinu. Uppgröftur beindist aðallega að norðurenda svæðisins, sjá mynd 5. Þar var grafið í gegnum yfirborðslag [47808], stoðarholur [48611], [48645], [53266], [48769], skeljasandslag [47815] og yfirborðslag [48790]. Yfirborðslag [48790] er líklegast hið sama og [47808] en innihélt meira af gripum og var því gefið annað númer. Grafir voru fram hlutar byggingar: tveir veggir [71], [72], gólflag [52257] sem byrjað var að grafa í og hellugólf [70]. Rétt er að minnst á að auk þess var grafinn fram bogadreginn veggur utan við bygginguna í norðurenda sem ekki hefur verið gefið númer og tilheyrir líklega ekki byggingunni. Vegginn má sjá á mynd 6 en mun vera hluti áframhaldandi rannsókna á svæðinu. Verður ekki minnst frekar á vegg þennan í þessari

---

<sup>1</sup> Dýpt hans fannst hvergi skráð svo skrifað er eftir minni.

skýrslu. Fjögur sýni voru tekin, eitt úr miðju yfirborðslags [48790] og þrjú úr gólflagi [52257], eitt úr norðausturenda, suðausturenda og norðvesturenda lagsins. Nánari útlistun má sjá í meðfylgjandi sýnaskrá.



**Mynd 4:** Móðskulag í austurhluta uppgraftarsvæðis. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgreftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni.



**Mynd 6:** Aðaluppgraftarsvæði. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgreftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni.



**Mynd 5:** Bogadreginn veggur aftarlega t.v. á uppgraftarsvæði. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgreftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni.

## II. Lýsing

### Yfirlit yfir byggingarstig og aldursgreiningar

#### Móakot

Byggingarstig (*e. phases*) eru talin aftur á bak í Móakoti til þess að auðvelda áframhaldandi talningu ef fleiri byggingarstig birtast undir þeim sem þegar eru upp komin. Það er að segja, elsta byggingarstigi verður gefið hæsta númerið. Hafa ber í huga að byggingarstig eru huglæg fyrirbæri sem uppgraftaraðilar eða skýrsluhöfundar í þessu tilviki koma sér saman um til þess að auðvelda frekari rannsóknir. Þau eru því sett niður þar sem þykir viðeigandi hverju sinni og geta áhrifavaldar verið ýmsir og tengst til dæmis stórtækum breytingum á byggingu eða efnismenningu svæðisins.

Enn sem komið er er elsta byggingarstigið númer III, bygging með rétthyrnda vegg og samstendur hún af veggjunum [71] og [72], gólfláginu [52257] og hellugólfinu [70]. Í norð-vesturenda byggingarinnar var bleikt móöskulag sem



Mynd 7: Móöskulag innan veggja. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgreftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni.

ekki var gefið sér númer og sést staðsetning þess á meðfylgjandi mynd. Þarna er um hið eiginlega Móakot sé að ræða en þar sem aldur gripanna í þessum lögum virðist vísa til tímabils á 19. öld frekar en þeirri 18. Er mögulegt að búið hafi verið lengur á Móakoti en ritaðar heimildir benda til.

Byggingarstig II á við yfirborðslag [48790] og skeljasandslag [47815] sem myndast hafa yfir bygginguna eftir að notkun hennar hefur verið hætt. Sambandið milli þeirra er óljóst en verður slegið saman hér þar til og ef annað kemur í ljós. Einnig tekur það til fjögurra stoðarhola [48621], [48645], [48769] og [53266] sem lagðar hafa verið í yfirborðslagið og skeljasandslagið. Flestir gripanna úr uppgreftinum fundust í yfirborðslagi [48790].

Eftir að hlutverki stoðarholanna hefur verið lokið hóf yngsta byggingarstigið, I, að myndast. Það táknar tímabilið eftir að hætt hefur verið að nota svæðið og yfirborðslag [47808] hefur tekið að myndast yfir Móakoti. Athugið að yfirborðslög [48790] og [47808] eru í eðli sínu eins og jafnvel sama lagið svo deila má um skiptingu þessa. Þó þykir meira magn gripa

auk stoðarholanna benda til þess að meiri mannvist hafi verið um svæðið á þessum tíma en eftir að hætt var að nota stoðarholurnar svo skipting sem þessi þykir ná betur utan um notkunar- og umgangssögu staðarins.


Í byggingarstigi I fannst fátt sem hægt var að aldursgreina nákvæmlega en hugmyndir má fá úr fundum eins og steypuklumpi (2013-49-319) og plastgripum. Miðað við það að fyrsta steinsteypa húsið reis ekki á Íslandi fyrr en seint á 19. öld, árið 1895 (Morgunblaðið, 1996) mætti draga þá ályktun að ekki hafi verið mikið um steinsteypu á Íslandi á 18. öld. Einnig fundust tveir gripir úr plasti (2013-49-231 og 211) en plast var ekki fundið upp fyrr en árið 1907, á 20. öldinni (Páll Árnason, 2007). Mest var þó að finna af nöglum ýmiss konar, keramik og múrsteini í laginu. Erfitt er að aldursgreina lagið með vissu en víst er að það er mikið blandað nútímaúrgangi og virðist innihalda gripi frá hinum ýmsu öldum. Fyrir utan þessa nútímagripi er þar einnig að finna brýni (2013-49-112) sem voru í notkun hér frá árunum 1000 – 1950 e. Kr. (Hansen, S C J, 2011).

Í byggingarstigi II má finna flesta þá gripi sem nota mætti til aldursgreiningar. Helst brot úr diskum 2013-49-333 sem gefur terminus post quem (elsta mögulega aldur) fyrir lagið, 1812 (sjá kafla um gripi, bls. 13). Þetta þýðir að lagið getur ómögulega verið eldra en frá árinu 1812. Sömuleiðis staðfestir brotið grunsemdir um að yfirliggjandi lög hljóti að vera frá 19. öld en ekki þeirri 18. þar sem það sem yfir liggur hlýtur að vera yngra en það sem undir liggur, þ.e.a.s. að minnsta kosti yngra en frá árinu 1812. Aðrir gripir í laginu gefa vísbendingar af sama tagi, til dæmis flöskustútar eins og 2013-49-235 og 371. Þar sést að stútarnir hafa verið bræddir ofan á (*e. free moulded*) flöskurnar og því um þriggja hluta mót að ræða. Það segir okkur að líklegast séu flöskurnar frá fyrri hluta 19. aldar (Lucas, G, munnleg heimild 05.11.2013). Í skeljasandslaginu fannst ekkert sem nota mætti til aldursgreiningar og aðeins fundust gripir í einni stoðarholunni [48769]. Tveir hlutir úr járn (2013-49-147, 151), eitt lítið keramikbrot (2013-49-149), steinn (2013-49-153) og viðarbrot (2013-49-150).

Rétthyrnda byggingin í byggingarstigi III innihélt lítið af gripum sem hægt er að aldursgreina. Þar er mestmegnis að finna járnagla, glerbrot og keramik. Mögulega væri hægt að greina aldur að einhverju leiti út frá keramikbrotunum (2013-49-477, 452, 451) eða glerinu (2013-49-458, 459, 460) en frekari sérfræðipokkingu þarf til þess. Ekki er búið að grafa lagið upp að fullu og frekari upplýsingar gætu enn komið í ljós.

Auk þess voru sýni tekin úr lögum [48790] og [52257] og bíða þau frekari greininga þar sem frekari upplýsingar um aldur gætu fengist.

16 gripir voru ranglega skráðir í lag 49062 en ekki er víst hvaðan gripirnir koma. Líklegast koma þeir úr öðru yfirborðslaganna en þeir hafa verið skráðir sem lausafundir í gripaskrá.



Kort 1: Kort af Móakoti (byggingarstig III) eins og það leit út við lok uppgrftar. Eftir höfundi.

### Gerði 19

Í gerðinu er eingöngu um tvö byggingarstig að ræða, byggingarstigið frá því að veggurinn var byggður og í notkun, II og byggingarstig I sem nær yfir allt sem hefur tekið sér stað þegar og eftir að jarðvegur fauk yfir það eftir að notkun gerðisins var hætt.

Enginn gripur fannst sem hægt væri að aldursgreina í gerðinu nema þá helst brýni í 5 brotum (2013-49-404). Brýnið fannst í yfirborðslagi [47684]. Brýni sem þessi voru í notkun á Íslandi allt frá árinu 1000 – 1950 e. Kr. (Hansen, S C J 2011) svo hvað aldur brýnisins segir um aldur gerðisins er óljóst. Ekki síst vegna þess að yfirborðslagið er ekki samtíma byggingu og/eða notkun gerðisins. Landnámsgjóskan fannst þó í vegg gerðisins [49062] sem bendir til þess að gerðið hafi verið byggt úr torfi sem myndast hefur eftir að landnámsgjóskan féll árið 871±2 e. Kr. (Karl Grönvold *et al.*, 1995). Mikið var tekið af sýnum í gerðinu sem bíða greiningar og geta mögulega veitt okkur frekari upplýsingar um aldur gerðisins.

## Lýsingar á mannvirkjum

### Móakot

Um tvö eiginleg mannvirki er að ræða í þessum uppgreftri. Stoðarholurnar í byggingarstigi II og réttthyrndu bygginguna í Byggingarstigi III.

Stoðarholurnar lágu frá suðaustri til norðvesturs í nokkurn veginn beinni línu og voru úr suðaustri talið 51, 39, 51 og 57 cm að þvermáli. Lágu í þeim miðlungs stórir steinar og litlir steinar. Miðað við stærð þeirra hafa þær líklegast haldið uppi lítilli eða tímabundinni yfirbyggingu eða girðingu frekar en stóru mannvirki sem hefur átt að þjóna tilgangi sínum til lengri tíma. Myndir af stoðarholum má sjá í viðaukum.

Réttthyrnda byggingin liggur efst í hólnum og er svo gott sem ferhyrnd. Í vestur- og austurenda liggja tveir réttthyrndir veggir og er byggingin 7,68m x 6,15m að utanmáli og 6,40m x 4m að innanmáli (austvestur x norðsuður). Útgangur virðist frekar hafa verið um syðri enda en þann nyrðri. Sú ályktun er dregin út frá því að fleiri stórir hellusteinar liggja utan við veggina þeim megin og gætu staðið fyrir einhvers konar stétt. Vestari veggurinn er tvöfaldur með torflögum á milli en sá eystri virðist við fyrstu sýn vera einfaldur. Þó er mögulegt að byggingin hafi nýtt bogadreginn vegg án númera (mynd 6) sem ytri vegg á þessari hlið. Hellugólf liggur fyrir byggingunni miðri, nokkuð vandað. Jarðlagið innan byggingarinnar var dökkbrúnt, leðurkennt með feita áferð og umkringir hellugólfið. Í laginu fannst mikið af dýrabeinum. Mynd af byggingunni með eininganúmerum sést á blaðsíðunni hér á undan.

### Gerði 19

Eitt eiginlegt mannvirki, byggingarstig II.

Gerðið virðist ekki liggja eins og talið var, í formi skeifu, heldur frekar eins og átta eða slaufa. Myndir á næstu blaðsíðu sýna þetta vel. Ef um skeiuform hefði verið að ræða hefði veggurinn verið einfaldur bogi og endað um mitt uppgraftarsvæðið. Þess í stað líkist veggurinn bókstafnum T á hlið og liggur þar sem slaufan mætist í vesturenda. Þetta hefði ekki átt að koma svo mikið á óvart eins og áður hefur verið minnst á þar sem uppmælingar Fornleifastofnunar Íslands frá 1995 sýna form gerðisins greinilega (mynd 2). Gerðið er úr torfi en einhverja steina má sjá fyrir því miðju í norðvesturenda uppgraftarsvæðisins. Ekki er ljóst hvort um hleðslur eða hrun sé að ræða.



Nes 2013 - Gerði 19  
Hluti af torfvegg  
Teikning 7



Torfveggur [49062]  
Yfirborðslag [47684]



**Teikning 1: Kort af Móaakoti (byggingarstig III) eins og það leit út við lok uppgrftar. Eftir höfundu.**

Nes 2013 - Gerði 19  
Hluti af torfvegg  
Teikning 10



Veggur [49062]  
Yfirborðslag [47684]



**Teikning 2: Teikning af austari hluta Gerðis 19 við lok uppgrftar. Veggurinn er ljósbrúnn.**


### III. Gripir

Á vettvangi voru allir gripir skráðir í Sarp með fundarnúmeri, dagsetningu, lýsingu og jarðlaganúmeri. Þar var skráð inn lengd, breidd og hæð gripsins sem og frekari lýsing. Í gripafræðiáfangu voru svo allir gripir vigtaðir og skráðir inn í aðalgrípaskrá (e. *Master finds register*) sem fylgir hér í viðauka. Flestum gripunum var einnig lýst sérstaklega og farið yfir forvörslu þeirra en ekki náðist að fara yfir þá alla.

Gripirnir voru vigtaðir með tveimur eldhúsvigtum. Önnur þeirra í eigu nema (Ingibjargar Vigdísar Ottósdóttur) sem gaf upp minnstu þyngd 2 g. Hin var vigt úr aðstöðu fornleifafræðinga og fornleifafræðinema við HÍ sem gaf upp minnstu þyngd 0,5 g. Vegna þessa eru minnstu þyngdir mismunandi og getur það valdið einhverri skekkju.

Í eftirfarandi gripakafli hafa gripirnir verið flokkaðir eftir efnivið. Hverjum efnivið er lýst nánar og skipt upp í minni undirflokkar og einstaka sinnum er gripum lýst sérstaklega ef tilefni þykir til. Flest allar tölur er varða fjölda eru gefnar upp eftir fjölda fundarnúmera nema annað sé tekið fram. Undantekning er gripaflokkurinn málmar þar sem talið er eftir fjölda gripa vegna þess að mörgum nöglum hefur verið stungið í sama poka. Allstaðar er vigt tekin fram. Fyrst verða taldir upp gripir úr Móakoti, síðan úr Gerði 19. Upplýsingar úr þessum kafla koma allar úr gripaskýrslu eftir Harald Þór Hammer Haraldsson, Hrafnhildi Helgu Halldórsdóttur og Silju Ósk Þórðardóttur og var unnin í áfangu í gripafræði við Háskóla Íslands haustið 2013.


#### Móakot



Tafla 1: Hlutfallsleg dreifing efniviðs í Móakoti.


## 1. Málmar fjöldi: 226. 4532 g.

Efnisflokkar undir málmum voru eftirfarandi: Járn, Járn-gjall, Kopar, Brons, Blý og annað. Járn var yfirgnæfandi stærsti gripaflokkurinn með tilheyrandi fjölda nagla. Talningu var háttað öðruvísi í þessum gripaflokki en öðrum flokkum en talið var eftir fjölda eininga í hverjum poka. Það



Tafla 2 Fjöldi málma á Móakotssvæði. Langmest er af járni enda mikið af járnöglum.

var gert vegna þess að í öðrum gripaflokkum var yfirleitt aldrei meira en einn stakur hlutur í hverju einastöku gripanúmeri en naglar sem fundust á sama stað voru oft flokkaðir saman í poka á vettvangi undir eitt númer og því myndi raunfjöldi skekkjast heldur mikið ef talið væri eftir gripanúmerum.



Tafla 3: Fjöldi málma annarra en járn á Móakotssvæði.

Hér til vinstri má sjá yfirlit yfir málmana sem finna mátti á Móakoti. Járníð var í yfirgnæfandi meirihluta, sérstaklega þá vegna fjölda nagla. Til þess að sýna betur dreifingu annarra málmtegunda hefur annað stöplarit verið útbúið og sést hér fyrir neðan. Þar hefur járníð verið tekið út svo dreifingarhlutfall annarra málma sést þar mun skýrar.



Tafla 4: Járn eftir hlutverki.

### 1.1. Járn - fjöldi: 216. 4405 g.

Járníð var flest nokkuð ryðgað en þó ágætlega varðveitt í jarðveginum. Mest fannst af nöglum og óræðum ryðklumpum en þó nokkuð af gripum með skilgreind hlutverk. Meðfylgjandi er stöplarit yfir járngrípina til þess að betri yfirsýn hljótist um innri hlutföll gripanna.

### 1.1.1 Naglar – fjöldi: 158. 1209 g.

Eins og sést á stöplariti voru naglar í yfirgnæfandi meirihluta í efnisflokknum. Þeir eru 74% alls járns í fundarsafninu, eða 70% málma. Naglasafnið var ólíkt innbyrðis og hefði hver nagli mátt fá sitt eigið fundarnúmer til þess að auðvelda úrvinnslu. Eins og tekið var fram þurfti að breyta talningaraðferð í þessum gripaflokki vegna þessa. Naglarnir eru flestir mikið ryðgaðir. Með fylgir mynd af nokkrum nöglum úr fundarnúmeri 2013-49-406.



Mynd 8: 2013-49-406. Naglarnir eru mjög lýsandi fyrir safnið allt (Ingibjörg V. Ottósdóttir et al., 2013 mynd 2).

### 1.1.2 Óþekkt – fjöldi: 29. 1538 g.

Í þessum flokki eru ýmsir óræðir gripir úr járn. Þar eru til dæmis rúllaður járnborði sem ekki tókst að greina til hlutverks og alls kyns gripir sem hafa ryðgað svo mikið að ekki sést móta fyrir útlínum griparins.

2013-49-389: 336 g. Járnþynnur sem mynda hring og eru mögulega utan af tunnu eða fötu. Gripurinn þarfnast forvörslu, en hann var heill þegar hann var tekinn upp úr jörðu. Með fylgja tvær myndir, önnur af gripnum eins og hann er í dag en hin af gripnum eins og hann kom upp úr jörðinni eða *in situ*. Gripurinn þarfnast forvörslu.



Mynd 9: 2013-49-389. Gripurinn í dag (Haraldur Þ H Haraldsson et al., 2013 mynd 7).



Mynd 10: : 2013-49-389. Gripurinn *in situ*. Mynd 079 úr uppgreftri. Tekin af Hermann J. Hjartarsyni.

### 1.1.3 Rónaglar – fjöldi 14. 274 g.

Rónaglar eru naglar sem eru flatir til beggja enda. Þeir voru alls skráðir á 8 fundarnúmer. Rónaglar eru nokkuð ólíkir öðrum nöglum og benda til annars konar notkunar og voru því settir í sér flokk. Þeir eru allir mjög ryðgaðir. Einnig fannst ein ró án nagla (2013-49-114).

#### 1.1.4 Pottabrot – fjöldi 5. 851 g.

Pottabrotin eru úr steypu járni og flest töluvert ryðgað. Brotin gætu öll verið úr sama pottinum en það er óvíst. Þá er einnig möguleiki að gripur 2013-49-245 sé brot úr potti en hefur verið flokkað sem óþekkt vegna þess hve ryðgað og óljóst útlit hans er.



Mynd 11: 2013-49-113 (Dagný H. Valbergisdóttir et al., 2013 mynd 1).

#### 1.1.5 Hnífar – fjöldi 2. 84 g.

Tveir hnífar fundust úr járni: 2013-49-266 og -113. Þeir eru nokkuð ryðgaðir en hlutverk þeirra er vel greinanlegt.

**2013-49-113:** Lítil hnífur með mjóum tanga, skaftið vantar.

#### 1.1.6 Annað – fjöldi 7. 487 g.

6 Járngripir með sértæka virkni utan aðalflokkanna fundust. Einn krókur (2013-49-411), ein löm (2013-49-67), ein sylgja (2013-49-244), ein vinkill (2013-49-424), ein skeifa (2013-49-117), einn bursti (2013-49-368) og allir mættu þessir gripir fara í forvörslu. Burstinn er annaðhvort málningarbursti eða rakbursti, en í honum voru varðveitt hár, líklegast hesthár. Mögulega væri hægt að nota hann til aldursgreiningar með því að skoða nánar formgerð hans.

#### 1.2. Koparblanda – fjöldi: 7. 50 g.

Gripirnir voru allir í góðu ásigkomulagi en þurfa á forvörslu að halda. Gripirnir voru: Tveir hnappar úr koparblöndu (2013-49-163 og -285), handgerður koparnagli (2013-49-421) og tvær koparlötur (2013-49-21). Þær eru undir sama fundarnúmeri vegna þess að þær gætu tilheyrð sama hlut en þær fundust saman. Önnur þeirra var hringlaga með fléttu- og blómamynstri og 3 götum fyrir hnoðnagla (a). Hin var ferhyrnd með tveimur hnoðnöglum (b). Báðar voru plöturnar tvöfaldar og orðnar spanskgrænar. Sjá mynd.



Mynd 12: 2013-49-21 b (Haraldur Þ H Haraldsson et al., 2013 mynd 2).



Mynd 13: 2013-49-21a (Haraldur H Þ Haraldsson et al., 2013 mynd 1).

Einnig möguleg brún af fláti (2013-49-55) og brons-hnappur með mynstri (2013-49-34), blóm í miðju með hlykkjóttum hring í kring.

### 1.3. Járngjall - fjöldi: 3. 33 g.


Þrír gjallmolar fundust við uppgröftinn og eru líklegast úrgangur eftir rauðablástur. Þeir voru misstórir, 2, 11 og 20 grömm að þyngd.

### 1.4. Aðrir flokkar - fjöldi: 2. 51 g.

Einn gripur úr blýi fannst, 2013-49-415. Óvíst er hvað gripurinn er. 2013-49-368 var járnbursti með hárum, mögulega málningarbursti. Ákveðið var að flokka hann eftir járninu, ekki hárinu.

## 2. Gler fjöldi: 102. 3193 g.

Af gleri voru 102 fundarnúmer og vógu í heildina um það bil 3190 g (plús 5 fundarnúmer sem skráð eru „<2 g“). Glermununum var skipt upp í flöskugler (65 gripir með vissu), rúðugler (4 gripir), annað sértækt (4 gripir) og það sem ekki náðist að vinna úr/óflokkuð glerbrot (29 gripir). Aðallega var um lítil glerbrot að ræða, en þó fundust 2 heilar flöskur, 1 brotin en ein heil. Með fylgir stöplarit sem sýnir dreifingu glersins.



Tafla 5: Stöplarit yfir gler.

### 2.1. Flöskugler - fjöldi: 65: 2801 g.


Margir litir fundust, mest af grænu og brúnu en einnig blátt, blágrænt, glært, hvítt og svart. Mikið var um grænt flöskugler í ljósgrænum út í mógræna tóna. Gler var ýmist blásið eða gert í móti. Hér verður útlistað nokkrum áhugaverðum gripum sem geta mögulega sagt aðeins meira um safnið.

2013-49-387 - fjöldi brota 1.791 g.

Heil dökkgræn vínflaska með korktappa ofan í. Með því að skoða gerð hennar nánar má mögulega segja eitthvað um aldur hennar.

2013-49-72 - fjöldi brota 1. 12 g.

Ljósgrænt brot úr flösku með upphleyptum stöfum; ESPIN. Ekki var hægt að komast að frekari upplýsingum um skammstöfunina að svo stöddu en mögulega mætti nýta upplýsingarnar til aldursgreiningar.



Teikning 3: 2013-49-253. Teikning eftir Hrafnhildi Helgu Halldórsdóttur.

2013-49-253 - fjöldi brota 9. 68 g.


Gripurinn samanstendur af 9 brotum af grænu flöskugleri, þar á meðal einum heillegum flöskustút. Á teikningu sést að stúturinn er bræddur ofan á (e. *free moulded*) og því um þriggja hluta mót að ræða og með því

hægt að sjá að hann er líklegast frá fyrsta hluta 19. aldar (Lucas,

2013). Þetta sést ekki á ljósmynd. Vinnsluför á ytra borði stútarins líkjast vinnsluförum á grip 2013-49-371, hér fyrir neðan og gæti verið um svipaðar flöskur að ræða.

2013-49-371 - fjöldi brota 1. 50 g.

Gripurinn er stútur af grænni glerflösku. Áhugaverð notkunar- eða vinnsluför eru á stútnum og hægt að bera hann við grip 2013-49-253. Gripurinn var teiknaður til þess að bera saman við grip 235 og ef teikningarnar eru lagðar saman sést að ummál stútanna er nákvæmlega hið sama, og gæti því teikning af þessum grip veitt frekari upplýsingar um neðri hluta



Teikning 4: 2013-49-371. Hér má sjá móta fyrir áframhaldandi flöskuhálsi niður á við Teikning eftir Silju Ósk Þórðardóttur.

flösku 235 og gripur 235 hugmynd um útlit stútarins sem horfinn er af flöskuhálsinum í þessu tilviki.

## 2.2. Rúðugler - fjöldi: 4. 15 g.

Af rúðugleri fundust 4 gripir, ljósgrænt handblásið brot af rúðugleri, annað ljósgrænt, eitt glært með húð á og eitt ógreint.

## 2.3. Annað sértækt- fjöldi: 4. 10 g.


Einnig fundust 3 gripir taldir eru vera lyfjaglös, eitt brot handblásið og gegnsætt úr efri hluta olíulampa.

## 2.4. Óflokkuð glerbrot - fjöldi: 29. 367 g.

Það sem ekki náðist að fara betur yfir og er því einungis merkt glerbrot í gripaskrá.

## 3. Keramik fjöldi: 97. 1479 g.

Af keramiki voru 97 fundarnúmer og heildarþyngd þeirra um 1479 g. Þeim var skipt upp í 5 efni; hvítleir, rauðleir, steinleir, postulín og leirpípur. Til glöggvunar voru múrsteinar flokkaðir sér frá keramikinu auk þess sem efniviðurinn var nægur og bauð upp á að vera skipt upp í tvo flokka. Meirihluti brotanna er frekar lítill en þó eru nokkur sem skera sig úr og eru í stærri kantinum og mátti jafnvel púsla saman til þess að átta sig frekar á heildarútliti griparins. Einn gripurinn (2013-49-333) hefur nokkur brot sem hægt er að raða saman ásamt heillegum stimpil á stærsta brotinu og verður betur fjallað um hann undir hvítleirnum. Dreifingu keramiksins má sjá nánar á meðfylgjandi stöplariti.



Tafla 6: Stöplarit yfir dreifingu keramiks.




### 3.1. Hvítleir - fjöldi: 57. 953,5 g.

Mest fannst af hvítleir á svæðinu, alls 57 fundarnúmer og var margt þeirra með mynstri oft bláu en einnig svörtu og rauðu. Mestur hvítleirinn var af matarleirkerjum eins og bollum, diskum og alls kyns skálum. 23 gripir eru skráðir glerjaðir sem gerir 40.4% af heild.

#### 2013-49-333 - fjöldi brota 11. 98 g.

Brotin úr þessum grip raðast öll saman nema eitt. Þetta er að líkindum diskur eða djúpur diskur. Á efri hlið hans er blágrá mynd sem sýnir tré, ský og byggingu. Á neðri hlið brotanna



Teikning 5: 2013-49-333. Teikning eftir Harald Þór Hammer Haraldsson.

er blágrátt mynstur áprentað og stafirnir J. M. & S. ásamt stimpli þar sem hægt er að lesa IRONSTONE CHINA. Undir honum stendur mögulega Rhine en það er ekki hægt að lesa með vissu. J. M. & S. vísar til ensks prentmarks John Meir & Son í Tunstall á árunum 1837-1897 eða af Job Meigh & Son á árunum 1812-1834 í Hanley (The potteries, 2013). Við gátum raðað brotunum saman og fundið út þvermál botnsins en barmarnir eru brotnir

og sótugir og því ekki hægt að sjá heildar stærð disksins. Brotið gefur *terminus post quem* (elsta mögulega aldur) fyrir uppgraftarsvæðið, eða 1812. Teikning fylgir sem sýnir áletranir nokkuð skýrt og hvernig áætla má brún disksins og þvermál hans út frá brotunum.

### 3.2. Rauðleir - fjöldi: 19. 217 g.

Af rauðleir voru 19 fundarnúmer. Rauðleirsbrotin voru einhverju færri en hvítleirsbrotin og safnið mjög svipað, þó aðallega lítil brot. Tvö þeirra voru skreytt; annað með tveimur gulum röndum (2013-49-74) og hitt með gráu og hvítu mynstri (2013-49-27). Samkvæmt gripaskránni eru 5 þeirra glerjuð.

### 3.3. Steinleir - fjöldi: 15. 262,5 g.


Steinleirsbrotnin voru aðallega smá, sex þeirra glerjuð. Einn gripurinn er stærri og brotin partur af botni íláts (2013-49-247).

### 3.4. Postulín - fjöldi: 2. 4 g.

Af postulíni fundust tvö brot skráð undir tveimur fundarnúmerum og er annað þeirra er talið vera diskur.

### 3.5. Leirpípur - fjöldi: 3. 8 g.

Þrjú leirpípubrot fundust og hefur hvert þeirra sitt hvert fundarnúmerið. Leirpípubrotnin voru ekki með neinum merkingum sem nota mætti til aldursgreininga.



Tafla 7: Stöplarit yfir bergtegundir af Móakotssvæði.

## 4. Bergtegundir fjöldi 34. 3618 g.

Í töflu 7 sést stöplarit yfir þær bergtegundir sem fundust í Móakoti. Farið verður yfir hvern flokk fyrir sig frá hinum stærsta til hinna minni. Talið var eftir fundarnúmerum. Bergtegundir voru alls 59 undir 54 fundarnúmerum og um það bil 3681 grömm. Bergtegundirnar voru af ýmsum stærðum og gerðum.

### 4.1. Steinar/Óþekkt - fjöldi: 24. 2802 g.

Efnisflokkurinn Bergtegund - Steinn var stærsti bergtegundarflokkurinn, mögulega þar sem vafaatriði var hvernig flokka skyldi gripina í þeim flokki auk þess að hér má finna einhverja

gripi sem ekki náðist að fara nákvæmlega yfir. Líklegast er í þeim flokki um að ræða almennar steintegundir eins og basalt, blá- og grágrýti. Aðallega er um að ræða venjulega steina með ummerkjum þess að hafa dvalist innan um fólk. Einnig er um steina með skilgreindu hlutverki að ræða og eru þeir sem hér segir:

2013-49-62 – fjöldi: 1. 839 g.

Helmingur úr sleggju, sjá mynd 12.



Mynd 14: 2013-49-63. (Dagný Hulda Valbergsdóttir et al., 2013 mynd 5).

2013-49-83 - fjöldi 1. 99 g.

Hluti úr ljósakolu undir lýsi, sjá mynd 13.

#### 4.2. Vikur – fjöldi: 9. 262 g.

14 vikurmolar fundust undir 9 fundarnúmerum í ýmsum stærðum og gerðum.

#### 4.3. Gjall – fjöldi: 11. 370 g.

Um er að ræða hraungjall. Járngjall fannst einnig. Sjá kafla um Málma. Einn gripanna, 2013-49-58 var áberandi þyngri en hinir eða 121 g.



Mynd 15: 2013-49-38 (Haraldur Þ H Haraldsson et al., 2013 mynd 3).

#### 4.4. Flöguberg – fjöldi: 8. 144 g.

Átta gripir úr flögubergi fundust við uppgröftinn.

Flöguberg myndast ekki náttúrulega á Íslandi svo um inluttan efnivið eða tilbúna gripi er að ræða. Fjórir

gripanna eru brot úr skrifspjöldum eða mögulega þakflísam: 2013-49-419, 122, 55, 20. Hinn helmingurinn eru brot úr brýni eða brýnum: 2013-49-80, 112 (mynd 14), 131, 144.



Mynd 16: 2013-49-112 (Dagný Hulda Valbergsdóttir et al., 2013 mynd 4).

Flöguberg á íslensku á við um bergtegundirnar *schist* og *slate*. Skrifspjöldin/þakflísarnar eru *slate* en brýnin *schist*. Brýnin eru ljós á litinn og nokkuð gróf og tilheyra líklegast flokki brýna sem koma frá Eidsborg í Noregi en útflutningur frá Eidsborg hófst um árið 1000 e. Kr. (Hansen, S C J, 2011).

#### 4.5. Annað – fjöldi: 3.40g.

Aðrar bergtegundir voru rauðagrjót (2013-49-81) og kvars (2013-49-19). Einn gripur fannst af hvoru um sig. Kvarsinn er líklegast holufylling.

## 5. Múrsteinar fjöldi: 37. 2007 g.

Aðallega er um lítil brot að ræða, þó einstaka stærri múrsteinar. Aðallega var um óræð brot að ræða, bæði rauðleit og gulleit en tvær þakflísar, 2013-49-23 og 2013-49-29. Brotin gætu hugsanlega verið úr einhvers konar eldstæði þar sem sótt mátti merkja á sumum brotanna.

## 6. Viður fjöldi: 18. 418 g.

Dreifni viðarins var mikil og fannst engu meira af honum í einu jarðlagi frekar en öðru. Viðurinn var allur unninn, þ.e.a.s. án barkar, en enginn bar þess ummerki að vera unninn frekar svo telja mætti til gripa. Viðurinn var þó settur með í gripaskrá og gripaskýrslu þar sem honum hafði verið gefið gripanúmer á vettvangi og ekki stendur til að gera um viðinn sér skýrslu. Eitt af brotunum undir fundarnúmeri 288 er viðarkol.

Ekki voru tekin sýni úr viðinum, en áætla má að hann sé annað hvort úr Reynivið eða Birki, þar sem þeir eru sá viður sem algengastur er til húsbyggingar, gripa- og kolagerðar. Ekki má útiloka að viðurinn sé innfluttur en þá er erfiðara að áætla viðartegund nema til nánari greininga komi (Lísabet Guðmundsdóttir, 2013).

Með fylgir mynd 17 af fundarnúmeri 2013-49-288 sem þykir gott dæmi um þann við sem fannst á svæðinu.



Mynd 17: : 2013-49-288 (Haraldur Þ H Haraldsson *et al.*, 2013 mynd 5).


## 7. Kol

17 kol fundust í Móakoti. Þrjú þeirra voru viðarkol en 15 steinkol. Þau vógu 148grömm.

## 8. Plast

2 gripir fundust úr plasti, 2013-49-211 og -233 og vógu um það bil 11g. Vafamál þótti hvort setja ætti þá í sér flokk eða sameina með einhverju öðru. Plastið þótti of ólíkt öðrum gripaflokkum til þess að sameina.

# Gerði



Tafla 8: Stöplarit fyrir Gerði 19. Allir efnisflokkar.

## 1. Bergtegundir fjöldi: 5. 67 g.



Mynd 18: 2013-49-404 (Ingibjörg V. Ottósdóttir et al., 2013 mynd 6).

Í gerðinu fundust mest megnis vikurmolar í mismunandi stærðum, alls 6 undir 4 fundarnúmerum, en eftir þeim er talið. Einnig fannst steinn af óþekktri tegund og brýni. Vikurmolararnir voru mjög mismunandi að stærð, allt frá 1,6 rúmsentimetrum upp í 157 rúmsentímetra. Brýnið var í 5 brotum og hefur hugsanlega komið frá Eidsborg í Noregi (Hansen, S C J, 2011).

## 2. Málmar fjöldi: 14. 209 g.

Fjórtán málmgripir fundust í Gerði 19 undir fimm fundarnúmerum. Mestmegnis gjall en einn nagli fannst við sigtun og einn óþekktur gripur, mikið ryðgaður. Hvort járngjallið bendi til málmvinnslu þykir ólíklegt. Þó mest hafi fundist af því er ekki nema um 13 gjallmolabrot að ræða undir 3 fundarnúmerum og það þótti ekki sérstaklega bundið við ákveðið svæði í gerðinu og eru því líklega ekki *in situ* (á sínum upprunalega stað).

## 3. Gler fjöldi: 3. 21 g.

Eitt brotið var brúnt, eitt grænt og eitt ljósgrænt brot.

#### **4. Keramik fjöldi: 3. 7 g.**

Tveir gripanna eru hvítleir, annar með bláu munstri, og einn rauðleir sem er líklegast einhverskonar ílát.

#### **5. Múrsteinarfjöldi: 1. 4 g.**

Múrsteinninn var í þrem brotum. Fundarnúmer hans er 2013-49-401.

#### **6. Kol fjöldi: 1. 14 g.**

Svart steinkol. Fundarnúmer kolsins er 2013-49-399.

### **IV. Dýrabein og skeljar**

#### **Dýrabein**

Dýrabein úr uppgraftarsvæðunum báðum vógu alls 3683 grömm á 32 fundarnúmerum. Bæði er um fiskibein og spendýrabein að ræða. Einungis fundust 3 brot í gerði (52 g) en restin er frá Móakotssvæðinu. Beinin eru í ágætu ásigkomulagi og eitthvað varðveittist af tönnum sem settar hafa verið í sér poka undir sömu fundanúmerum. Ein tönn er mögulega eitthvað unnin, númer 2013-49-85. Mikilvægar upplýsingar um dýrahald á svæðinu mætti fá úr dýrabeinum af svæðinu en þrekari greininga er þörf til þess.

#### **Skeljar**

Engar skeljar fundust í gerðinu en 55 grömm fundust með 22 fundarnúmer í Móakoti. Aðallega er um hisma utan af skeljum að ræða en líka eitthvað af hvítum skeljum sem og nokkuð af litlum kuðungum. Þar sem uppgraftarsvæðið er mjög nálægt sjó er skiljanlegt að svo mikið sé af skeljum í lögum uppgraftarins (Haraldur Þ H Haraldsson, Hrafnhildur H Halldórsdóttir, Silja Ó Þórðardóttir, 2013).

## V Túlkun

### Myndunarferli svæðisins.

Við túlkun fornleifauppgrftar þarf að taka tillit til myndunarferlis svæðisins. Þegar komið er undir yfirborðið við uppgröft rekst uppgraftaraðili yfirleitt ekki á mannvist í sínu upprunalega formi. Eðlileg myndun jarðlaga yfir byggingu gerist ekki á einni nóttu og er eftirbátur þess að svæði er yfirgefið. Byggingar hafa vanalega hrunið að allmiklu leiti áður en jarðlög fjúka yfir þær og til þess að skilja mannvistarlögin þarf að skilja eðli bygginga og hvernig þær hrynja og leggjast saman. Eftir að hús hafa verið hlaðin og þaki komið yfir höfuð fólks byrja gólfög að myndast. Eldstæði dreifa úr sér ösku sem er sópað út, fólk og dýr bera inn með sér forina að utan og umgangur þjappar öllu saman. Á meðan búið er í mannvirki þarf að halda því við, sérstaklega ef um er að ræða torfveggi. Byggja þarf nýja veggi og rífa aðra. Eftir að mannvirki hefur þjónað tilgangi sínum og er yfirgefið getur hlutverk þeirra breyst yfir í rusla- eða geymslukompur áður en það fer að falla saman. Yfirleitt lætur þakið undan fyrst áður en veggirnir taka að hrynja niður til hliðanna og/eða fletjast út. Einnig þarf að taka tillit til þess að yfirleitt er verið að vinna með úrgang. Gripir sem finnast við fornleifauppgröft eru nær aldrei lýsandi fyrir það hvernig gripirnir hafa verið notaðir og dreifðir þegar þeir voru upp á sitt besta heldur frekar lýsandi fyrir það hvernig fólk hefur losað sig við gripi. Úr rusli sem slíku má hinsvegar sjá ýmislegt um hegðunarmynstur fólks. Lesa má úr gögnunum hvað hefur þótt mikilvægt og hvað ekki, hversu mikið gripir voru notaðir áður en þeim var loks hent og hvort gert hafi verið úr því að halda þeim við. Einstaka sinnum finnast verðmætir gripir sem nær óhugsandi virðist vera að hafi verið hent. Þá er líklegast um týnda gripi að ræða, gripi sem hafa runnið aftur fyrir eitthvað eða týnst með því að gólf hafa verið troðin. Oft má sjá leifar úr stoðum bygginganna sjálfra eins og nagla, við eða múrsteina úr veggjum eða öðrum byggingarhlutum. Naglar eru oft það eina sem eftir liggur úr negldum spítuveggjum sem eru sjálfir viðkvæmari fyrir efnaskiptum í jarðveginum og rotna oft fyrr en til dæmis járn, gler og steinar. Vegna þessarar lélegu varðveislu þarf oft að gera ráð fyrir því að birtingarmynd viðar og fleiri viðkvæmari efna eins og textíls getur verið mjög skökk (Carver, M 2009).

Enginn gripur fannst við þennan uppgröft sem bendir til þess að um sé að ræða nokkuð annað en úrgang. Í Móakotsbyggingunni og Gerði 19 virðist mestmegnis vera um úrgang í bland við eðlilega jarðvegsmyndun að ræða eftir að notkun mannvirkis hefur hætt. Til dæmis má nefna lyfjaglös og múrsteina, sem líklega hafa komið frá landlæknisembættinu að Nesstofu þar nærri. Mestmegnis er þó um að ræða glerbrot og keramikbrot. Aðeins fannst

einn heill gripur, glerflaska sem líklegast hefur einnig verið úrgangur og verður gert ráð fyrir því hér.

## Útlit mannvirkja

Hvað varðar gerði 19 er form þess nú vitað en aðeins er hægt að ímynda sér upprunalega hæð veggjanna sem hafa verið eingöngu úr torfi.

Byggingin á Móakotssvæðinu hefur verið nokkurn veginn rétthyrnd með tvöfalda grjóthlaðna veggi, að meðaltali 1,5 m að breidd, og torfhleðslur á milli. Inngangur hefur líklegast verið um suðurenda og verið þyljað fyrir innganginn og með hurð og stétt fyrir framan. Slík ályktun er dregin þar sem ekkert fannst við op veggjanna tveggja sem hefur lokað af byggingunni en þá er mjög líklega um viðarþiljun að ræða sem ekki hefur varðveist. Veggirnir hafa annaðhvort verið grjóthlaðnir upp að þaki eða þá að grjótið hafi eingöngu staðið upp að ákveðinni hæð og torfið tekið við þaðan. Erfitt er að segja til um hvort sé líklegra en grjótmagn segir ekki endilega alla söguna þar sem mögulega hefur það verið nýtt í önnur mannvirki af eignum eða nágrönnum eftir að notkun byggingarinnar hefur verið hætt. Þakið hefur líklegast einnig verið þyljað þar sem engin torflög lágu yfir byggingunni sem hefðu myndast með hruni þess. Þökum fylgja yfirleitt stoðir en engar stoðir hafa fundist innan byggingarstigs III enn sem komið er.

Engin merki fundust um að bárujárn hefði verið í þakinu. Reikna má með því að viður í húsinu hafi verið þó nokkur en þar sem varðveisla hans er mjög léleg sést það helst í skorti á öðrum byggingarefnum og magni járnagla á svæðinu. Steinlögð stétt hefur verið yfir gólfinu fyrir miðbik og stór steinn staðið í suðurenda byggingar.



Erfitt getur verið að gera sér í hugarlund útlit bygginga út

Teikning 6: Tilgátumynd af Móakotsbyggingunni. Teikning eftir R Skúla Árnason. Litað af Haraldi Þ H Haraldssyni.



frá rústum þeirra en þá getur hjálpað að teikna upp myndir sér til hægðarauka. Höfundar teiknuðu því lítið hús út frá upplýsingum þessum til þess að gera sér útlit byggingarinnar betur í hugarlund. Á teikningunni er gert ráð fyrir þyljuðum inngangi og viðarþaki með torfbreiðum yfir. Steinveggir eru látnir standa til hálf þar sem torfið tekur alfarið við. Tilgátuteikningin sem sést á Teikningu 6 er vissulega rómantíseruð ímyndun en myndræn uppsetning færir marga nær viðfangsefninu.

## **Nytjavörur**

Birtingarmynd gripa sem ekki eru framleiddir á Íslandi í fundarsamhengjum á Móakotssvæðinu hljóta að merkja einhvers konar samskipti eða verslun við útlönd. Gripur 2013-49-333, diskur með áletrun, bendir til einhvers konar innflutnings hvort sem hann sé tengdur verslun eða ekki. Annað sem bendir til verslunar eru brýnin, en þau eru af þeirri tegund sem líklegast hefur komið frá Eidsborg í Noregi (Hansen, S C J, 2011). Þar fyrir utan er yfirgnæfandi mikið um gripi úr gleri, keramik og múrsteini, gripi sem ekki hafa fengist án milliliða og gefur það til kynna að gripirnir séu frá þeim tíma þar sem tiltölulega auðvelt hafi verið að nálgast verslun við útlönd. Lítið magn gripa sem fundust í gerðinu og staðsetning þeirra í yfirborðslagi bendir hinsvegar til þess að erfiðara hafi verið að nálgast slíka gripi á notkunartíma þess og ýtir undir tilgátur um háan aldur þess.

## **Efnahagur**

Stærð byggingarinnar virðist ekki benda til þess að um stórbýli sé að ræða. Viðgerðarför má sjá á sumum keramikbrotanna sem virðist benda til þess að íbúar hafi gert sitt besta til þess að endurnýta gripina eins lengi og mögulegt var áður en þeim hefur verið hent. Engir gripir fundust úr verðmætum efnum, nema bronsplata (2013-49-21) og brons hnappar (2013-49-163 og 2013-49-285). Einnig þó nokkuð af múrsteini sem hefur verið fínni efniviður í inn- eða utanviði bygginga. Ekki er hægt að fullyrða um efnahag í gerðinu vegna gripaskorts.

## **Hlutverk mannvirkjanna**

Eftir uppgröft er hlutverk gerðisins óvíst en niðurstöður úr sýnatöku munu vonandi leiða hlutverk þeirra í ljós.

Þar sem uppgröftur hefur aðallega verið gerður í yfirborðslögum á Móakotssvæðinu er erfitt að ráða hvað efnismenningin segir okkur um atferli fólksins sem tengdist byggingunni. Er uppgrefti heldur áfram í gólflagi byggingarinnar mun vonandi verða auðveldara að átta

hlutverki einstakra byggingarluta og hlutverk rýmisins skýrast. Eins og er er eingöngu hægt að draga þá ályktun að um sé að ræða yfirgefið húsnæði þar sem rusl hefur safnast saman eftir að notkun þess hætti, mögulega frá nágrennbæjum. Einnig gæti verið að eigendur hússins hafi byggt sér nýtt húsnæði annarsstaðar og notað þessa tilteknu byggingu sem geymslu þar til hún hefur hrunið og/eða lagst saman að fullu. Eftirfarandi atriði benda til þess, eins og minnst var á hér áður, að lengur hafi verið hafst við í Móakoti en ritaðar heimildir benda til.

Munnlegar heimildir herma að Móakot hafi farið í eyði árið 1779 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson, 2006). Gripirnir virðast þó flestir benda til yngri aldurs. Til dæmis hefur diskur 2013-49-333 ekki verið framleiddur fyrr en í fyrsta lagi árið 1812 (eða 1837) og líklegast ekki brotinn sama ár svo yfirborðslag [48790] hefur ekki getað myndast fyrr en nokkru eftir þann tíma. Diskurinn lá mjög neðarlega í laginu og næstum upp við gólflag [52257] svo hann hlýtur þar að leiðandi að hafa ratað inn í bygginguna stuttu eftir að hún lagðist í eyði, þegar yfirborðslög hafa rétt nýlega byrjað að myndast. Sömuleiðis hafa flöskurnar ekki geta verið eldri en frá fyrri hluta 19. aldar (Lucas, G, 05.11.2013). Þessar tímasetningar eru því helst til ungar ef miða á við að Móakot hafi farið í eyði á þessum tíma og bendir til þess að byggingarstig III gæti verið einhverju yngra en Móakot.

Í grein í *Arcaheologica Islandica* 2 er samantekt yfir fjós á Íslandi kemur eftirfarandi fram:

„The central aisle is almost always paved and in at least 5 cases it slopes down towards the entrance which is always in one of the end gables. This central paving allowed for easier removal of the dung and urine. On either side of the central aisle there are rows of stalls which in most cases have some evidence of division into stalls, either by upright slabs or wooden partitions“ (Berson, 2002, 56).

Allt á þetta við á Móakoti, þar mátti meira að segja sjá ákveðnar vísbendingar um skiptingar í klefa en þær voru óskýrar. Einnig mátti finna móöskulag (*e. Peat ash*) í austurhorni byggingarinnar sem hefur verið tengt dýrahaldi (Edwald og Milek, 2013, 18). Þannig mætti draga ályktun um að einhvers konar dýr hafi verið haldin að Móakoti, mögulega hefur þá virkni kotsins verið tvíþætt og mætti jafnvel leiða hugann að því að Móakot hafi verið notað sem fjós undir lokin. Frekari uppgröftur og sýnaúrvinnsla mun leiða í ljós hvort skiptingin eigi sér stoð í raunveruleikanum.

## **Annað**

Annað sem vakti áhuga höfunda er stóri steinninn í byggingunni. Steinninn liggur ofan á steinhellum í norðurenda byggingar. Hann er nægilega stór til þess að sést hafi glitta í hann á yfirborði við upphaf uppgrftar. Steinninn hefur líklegast verið borinn inn í bygginguna meðan á notkun hennar stóð en tvo eða fleiri fullvaxna menn hefur líklega þurft til þess að

bera steininn inn í bygginguna. Út frá því má álykta að hann hafi haft eitthvað hlutverk en hvað hlutverkið hefur verið er óljóst. Steinninn hefur engan láréttan flöt á efri hlið svo ekki hefur verið hægt að nota hann sem bretti eða borð. Uppgraftaraðilar kölluðu steininn fórnarstein í gríni sín á milli en öllu gríni fylgir einhver alvara þar sem greinilegt er að enginn gat gert sér í hugarlund hvert hlutverk hans hefur verið. Höfundar vilja leggja fram tilgátu um að steinninn hafi verið hluti af útveggi eða mögulega básasteinn ef um fjós er að ræða (gert var ráð fyrir því á mynd 16). Umhverfi og aðstæður steinsins eru enn sem komið er óljósar þar sem ekki var mikið grafið norðan hans en forvitnilegt þykir að sjá hvað kemur í ljós um fórnarsteininn.

Höfundar vilja þakka samnemendum og kennurum fyrir samvinnuna í vor og í haust við uppgröft og úrvinnslu rannsóknarverkefnisins.



**Mynd 19: Fræknir grafarar. Efri röð frá vinstri: Ármann, Viktoría, Aron, Hermann, Atli R, Jóhann (uppi), Haraldur (niðri), Jakob, Lóa, Guðmundur. Neðri röð frá vinstri: Kristín, Guðrún, Ingibjörg, Hrafnhildur. Á myndina vantar Atla S., Ísrúnu, Sólrúnu og Angelos. Mynd 1977 úr uppgræftri.**

## VI Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. (1995). *Skýrsla um uppmælingar á minjum við Nesstofu*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands
- Ágúst Ó. Georgsson. (1995). *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. Rannsóknarskýrslur Fornleifafræðideildar. 1980: I. Birna Gunnarsdóttir gekk frá skýrslunni fyrir Umhverfisvernd Seltjarnarness og Fornleifafræðideild Háskóla Íslands.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín (1923-24). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III bindi*. Gullbringusýsla. Kaupmannahöfn: Hið Íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- Berson, Bruno (2002). A Contribution to the Study of the Medieval Icelandic Farm: the Byres. Bls. 34-60. Í (ritstj. Lucas, Gavin) *Archaeologia Islandica* 2. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Birna Lárusdóttir (2011). *Mannvist, sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- Carver, Martin. (2009). *Archaeological Investigation*. England: Routledge.
- Dagný Hulda Valbergdóttir, Helga Jónsdóttir, Jóhann Malmquist. (2013). *Verkefni 1. Gripaskrá*. Námsritgerð með leiðréttingum frá S. J. Hansen. Óútgefið.
- Edwald, Ágústa og Milek, Karen. (2013). Building and Keeping House in 19th-Century Iceland. Domestic Improvements at Hornbrekka, Skagafjörður. Bls. 9-27. Í (ritstj. Lucas, Gavin) *Archaeologia Islandica* 10. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson. (2006). *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.
- Guðrún S. Magnúsdóttir. (1976). *Örnefnaskrá fyrir Seltjarnarnes*. Heimildamenn voru Kjartan Einarsson og kona hans Unnur Óladóttir. Örnefnin voru skráð eftir Kjartani í október 1975.
- Hansen, Sigrid Cecilie Juel. (2011). The Icelandic whetstone material – an overview of recent research. Í (ritstj. Lucas, G.) *Arcaheologica Islandica* 9. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Haraldur Þór Hammer Haraldsson, Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir og Silja Ósk Þórðardóttir. (2013). *Gripaskýrsla Nes 2013. Móakot og Gerði 19*. Námsritgerð með leiðréttingum frá S. J. Hansen. Óútgefið.
- Ingibjörg Vigdís Ottósdóttir, Guðlaug I. G. Bergsveinsdóttir og Unnsteinn Elíasson. (2013). *Nes 2013, skýrsla um hluta gripasafns, meðferð og frágangur gripa*. Námsritgerð með leiðréttingum frá S. J. Hansen. Óútgefið.
- Jónas Haukdal Jónasson, Jón Þorbjarnarson, Kristín Sylvíka Ragnarsdóttir og Viktoría Halldórsdóttir. (2013). *Archaeological Investigations at Lilibær, Nes in Seltjarnarnes 2013*. Reykjavík: útgefandi óþekktur
- Karl Grönvold, Níels Óskarsson, Sigfús J. Johnsen, Henrik B. Clausen, Claus U. Hammer, Gerard Bond, Edouard Bard 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135: 149-155.
- Lísabet Guðmundsdóttir. (2013). *Viðargreining og Viðargripir*. Fyrirlestur í Nýjagarði, Háskóla Íslands þann 8. október.

- Loftmyndir ehf.* Lega Móakots og Gerði 19. Reykjavík (2013). Sótt 04.12.13 af [www.map.is](http://www.map.is).
- Lucas, Gavin og Guðmundur Ólafsson. (2012). Með hjálp (e. *contributions*) frá: Atli Rúnarsson, Guðrún Þóra Friðriksdóttir, Hemann Jakob Hjartarson, Jakob Hinriksson, Jónas Haukdal. *Archaeological Investigations at Lilibær, Nes in Seltjarnarnes 2013*. Reykjavík: Óútgefið.
- Lucas, Gavin, fornleifafræðingur. Munnleg heimild, 5. nóvember 2013.
- Lucas, Gavin (2013). *Research plan for the University of Iceland training excavation at Nes Seltjarnarnes 2013*. Óútgefið.
- Morgunblaðið*. Guðmundur Arason, Hákon Ólafsson, Ríkharð Kristjánsson (1996). Öld steinsteypunnar. Sótt 24.11.13 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/268024>.
- Mjöll Snæsdóttir, fornleifafræðingur. Munnleg heimild, 29. nóvember 2013.
- Orri Vésteinsson. (1995). Kirkja og kirkjugarður á Nesi við Seltjörn. Bls. 99-122. Í (ritstj. MJöll Snæsdóttir) *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1995*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.
- Páll Árnason. (2013). *Plast*. 4. útg. Reykjavík: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. (1995). Vetrarmyndir frá Nesi við Seltjörn og Laugarnesi. Í (ritstj. MJöll Snæsdóttir) *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1994*. Bls. 149-161. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.
- The potteries* (A) North Staffordshire pottery marks. John Meigh (& son). Sótt 07.11.13 af <http://www.thepotteries.org/mark/m/meighj.html>.
- The potteries*. (B) North Staffordshire pottery marks. John Meir & son. Sótt 07.11.13 af <http://www.thepotteries.org/mark/m/meir.html>.
- Þjóðminjasafn Íslands*. Húsasafn, Nesstofa við Seltjörn. Sótt 6.12.13 af <http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/husasafn/husin-kort/nr/333>.

## VII Myndaskrá

Mynd 1: Mynd sýnir afstöðu Gerðist 19 og Móakots í landinu. Móta sést fyrir Nesstofu neðst á myndinni. Upp er norður (Loftmyndir ehf. Sótt 04.12.13).....	1
Mynd 2 Hæðalínurit af Móakoti, neðst hægra megin (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, 1995)....	3
Mynd 3: Hæðalínurit af Móakoti, neðst hægra megin (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, 1995)...	3
Mynd 4: Móöskulag í austurhluta uppgraftarsvæðis. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgræftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni. ....	7
Mynd 6: Bogadreginn veggur aftarlega t.v. á uppgraftarsvæði. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgræftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni. ....	7
Mynd 5: Aðaluppgraftarsvæði. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgræftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni. ....	7
Mynd 7: Móöskulag innan veggja. Vísar í norðaustur. Mynd 137 úr uppgræftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni. ....	8
Mynd 8: 2013-49-406. Naglarnir eru mjög lýsandi fyrir safnið allt (Ingibjörg V. Ottósdóttir et al., 2013 mynd 2).....	15
Mynd 9: 2013-49-389. Gripurinn í dag (Haraldur Þ H Haraldsson et al., 2013 mynd 7). ....	15

Mynd 10: : 2013-49-389. Gripurinn <i>in situ</i> . Mynd 079 úr uppgreftri. Tekin af Hermanni J. Hjartarsyni. .....	15
Mynd 11: 2013-49-113 (Dagný H. Valbergisdóttir et al., 2013 mynd 1). .....	16
Mynd 12: 2013-49-21 b (Haraldur Þ H Haraldsson et al., 2013 mynd 2). .....	16
Mynd 13: 2013-49-21a (Haraldur H Þ Haraldsson et al., 2013 mynd 1). .....	16
Mynd 14: 2013-49-63. (Dagný Hulda Valbergisdóttir et al., 2013 mynd 5). .....	22
Mynd 15: 2013-49-38 (Haraldur Þ H Haraldsson et al., 2013 mynd 3). .....	22
Mynd 16: 2013-49-112 (Dagný Hulda Valbergisdóttir et al., 2013 mynd 4). .....	22
Mynd 17: : 2013-49-288 (Haraldur Þ H Haraldsson <i>et al.</i> , 2013 mynd 5). .....	23
Mynd 18: 2013-49-404 (Ingibjörg V. Ottósdóttir et al., 2013 mynd 6). .....	24
Mynd 20: Fræknir grafarar. Efri röð frá vinstri: Ármann, Viktoría, Aron , Hermann, Atli R, Jóhann (uppi), Haraldur (niðri), Jakob, Lóa, Guðmundur. Neðri röð frá vinsti: Kristín, Guðrún, Ingibjörg, Hrafnhildur. Á myndina vantar Atla S., Ísrúnu, Sólrúnu og Angelos. Mynd 1977 úr uppgreftri. ....	30

## VIII Skrá yfir teikningar

Teikning 1: Kort af Móakoti (byggingarstig III) eins og það leit út við lok uppgrftar. Eftir höfundi.....	12
Teikning 2: Teikning af austari hluta Gerðis 19 við lok uppgrftar. Veggurinn er ljósbrúnn.....	12
Teikning 3: 2013-49-253. Teikning eftir Hrafnhildi Helgu Halldórsdóttur.....	18
Teikning 4: 2013-49-371. Hér má sjá móta fyrir áframhaldandi flöskuhálsi niður á við Teikning eftir Silju Ósk Þórðardóttur. ....	18
Teikning 5: 2013-49-333. Teikning eftir Harald Þór Hammer Haraldsson. ....	20
Teikning 6: Tilgátumynd af Móakotsbyggingunni. Teikning eftir R. Skúla Árnason. Litað af Haraldi Þ H Haraldssyni. ....	27

## IX Skrá yfir töflur

Tafla 1: Hlutfallsleg dreifing efniviðs í Móakoti.....	13
Tafla 2 Fjöldi málma á Móakotssvæði. Langmest er af járn enda mikið af járnnöglum.....	14
Tafla 3: Fjöldi málma annarra en járns á Móakotssvæði.....	14
Tafla 4: Járn eftir hlutverki. ....	14
Tafla 5: Stöplarit yfir gler.....	17
Tafla 6: Stöplarit yfir dreifingu keramiks.....	19
Tafla 7: Stöplarit yfir bergtegundir af Móakotssvæði. ....	21
Tafla 8: Stöplarit fyrir Gerði 19. Allir efnisflokkar.....	24

## X Skrá yfir kort

Kort 1: Kort af Móakoti (byggingarstig III) eins og það leit út við lok uppgrftar. Eftir höfundi. ....	10
--	----

# XI Viðaukar

## Ljósmyndaskrá

### Gerði 19

Mynd nr.	Dagsetn.	Staður	Efni	Horft til:	Ljósm.
100-11	5/17/13	Gerði 19	Uppgraftarsvæði eftir aftorfun	N	JOJ
100-12	5/17/13	Gerði 19	Uppgraftarsvæði eftir aftorfun	NA	JOJ
100-13	5/17/13	Gerði 19	Uppgraftarsvæði eftir aftorfun	N	JOJ
100-19	5/22/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	ÁDÁ
100-20	5/22/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	ÁDÁ
100-21	5/22/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	ÁDÁ
100-22	5/22/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	ÁDÁ
100-23	5/22/13	Gerði 19	Kolalag [48213]	NV	ÁDÁ
100-24	5/22/13	Gerði 19	Kolalag [48213]	NV	ÁDÁ
100-25	5/22/13	Gerði 19	Kolalag [48213]	NV	ÁDÁ
100-30	5/24/13	Gerði 19	Torfur í hrúgu, mistök	X	VH
100-31	5/24/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	JOJ
100-32	5/24/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	VH
100-33	5/24/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	JOJ
100-83	6/3/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	JOJ
100-84	6/3/13	Gerði 19	Yfirlitsmynd	N	JOJ

### Móakot

Mynd nr.:	Dagsetning :	Staður:	Efni:	Horft til:	Ljósm.
100-001	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	S	G.Ó.
100-002	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	S	G.Ó.
100-003	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	S	G.Ó.
100-004	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	SA	G.Ó.
100-005	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	NA	G.Ó.
100-006	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	N	G.Ó.
100-007	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	N	G.Ó.
100-008	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	N	G.Ó.
100-009	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	S	G.Ó.
100-010	13.05.2013	Móakot	Aftyrting bæjarhóls	S	G.Ó.
100-014	17.05.2013	Móakot	Vinnumynd	S	G.Ó.
100-015	17.05.2013	Móakot	Vinnumynd	S	G.Ó.
100-016	21.05.2013	Móakot	Steinar efst á bæjarhólnum	S	G.Ó.
100-017	21.05.2013	Móakot	Steinar efst á bæjarhólnum	NV	G.Ó.
100-018	21.05.2013	Móakot	Vinnumynd	N	G.Ó.
100-026	23.05.2013	Móakot	Stoðarhola ofan á bæjarhól	-	H.J.H.
100-027	23.05.2013	Móakot	Stoðarhola ofan á bæjarhól	-	H.J.H.
100-028	23.05.2013	Móakot	Stoðarhola ofan á bæjarhól	-	H.P.H.H.
100-029	23.05.2013	Móakot	Bæjarhóll, steinaraðir efst á hólnum og stoðarholur	S	G.Ó.

100-034	27.05.2013	Móakot	Vinnumynd	NV	S.T.
100-035	27.05.2013	Móakot	Vinnumynd	N	S.T.
100-036	27.05.2013	Móakot	Vinnumynd	N	S.T.
100-037	27.05.2013	Móakot	Vinnumynd	NV	S.T.
100-136	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	H.J.H.
100-137	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	H.J.H.
100-138	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	H.J.H.
100-139	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	H.J.H.
100-140	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	H.J.H.
100-141	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	H.J.H.
100-142	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af S-hluta svæðisins	NA	H.J.H.
100-143	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	H.J.H.
100-144	06.06.2013	Móakot	Vinnumynd	NA	H.J.H.
100-145	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	J.G.M.
100-146	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæð	NA	J.G.M.
100-147	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	J.G.M.
100-148	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	J.G.M.
100-149	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	J.G.M.
100-150	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	J.G.M.
100-151	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	J.G.M.
100-152	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	A.P.
100-153	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	NA	A.P.
100-154	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	H.J.H.
100-155	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af rúst	A	H.J.H.
100-156	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	H.J.H.
100-157	06.06.2013	Nesstofa	Vinnumynd	S	H.J.H.
100-158	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	N	H.J.H.
100-159	06.06.2013	Móakot	Veggur	N	H.J.H.
100-160	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NV	H.J.H.
100-161	06.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NV	H.J.H.
100-162	06.06.2013	Móakot	Viður inn í rúst	NA	H.J.H.
100-163	06.06.2013	Móakot	Viður inn í rúst	NA	H.J.H.
100-164	06.06.2013	Móakot	Mögulegt gólfslag [52257]	NA	A.P.
100-165	06.06.2013	Móakot	Mögulegt gólfslag [52257]	SV	A.P.
100-166	06.06.2013	Móakot	Vinnumynd	NA	H.J.H.
100-167	06.06.2013	Móakot	Vinnumynd	A	H.J.H.
100-168	06.06.2013	Bygggarðar	Vinnumynd	NV	H.J.H.
100-169	06.06.2013	Móakot	Stoðarhola í skeljasandslagi [47815]	-	H.J.H.
100-170	06.06.2013	Móakot	Stoðarhola í skeljasandslagi [47815]	-	H.J.H.
100-171	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	N	J.O.J.
100-172	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	N	J.O.J.
100-173	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	N	J.O.J.
100-174	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-175	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-176	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.



100-177	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-178	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-179	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-180	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	J.O.J.
100-181	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	J.O.J.
100-182	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	J.O.J.
100-183	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	J.O.J.
100-184	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	NA	J.O.J.
100-185	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-186	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-187	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-188	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-189	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-190	07.06.2013	Móakot	Yfirlitsmynd af svæði	A	J.O.J.
100-191	07.06.2013	Móakot	Hellulögn inn í rúst	NA	J.O.J.
100-192	07.06.2013	Móakot	Hellulögn inn í rúst	NA	J.O.J.
100-193	07.06.2013	Móakot	Hellulögn inn í rúst	NA	J.O.J.
100-194	07.06.2013	Móakot	Hellulögn inn í rúst	NA	J.O.J.
100-195	07.06.2013	Bygggarðar	Hópmynd	V	A.P.
100-196	07.06.2013	Bygggarðar	Hópmynd	V	A.P.
100-197	07.06.2013	Bygggarðar	Hópmynd	V	A.P.
100-198	07.06.2013	Bygggarðar	Hópmynd	V	G.Ó.
100-199	07.06.2013	Bygggarðar	Hópmynd	V	G.Ó.

## Jarðlagaskrá

### Gerði 19

Eining nr	Svæði	Gerð	Lýsing
47684	Gerði 19	Yfirborðslag	Lagið er þétt í sér, brúnt að lit og samanstandur úr mold og grasrótum. Innan þess finnst lítið af smásteinum, en það er yfirleitt einsleitt en ormétið á köflum. Lagið er 35 cm að þykkt, mörk þess við neðra lag eru missskýr, yfirleitt óskýr þó stundum skýr. Lagið er ormétið með grasrótum en engin gjóskulög fundust í laginu. Lagið var grafið upp með handafla, það var ekki sigtað en örsýni (e. bulksample) var tekið með sýnanúmer 2013-49-1. Lagið er efst í flæðiritinu en undir því liggja lög með eininganúmerin 48213 og 49285. Nýlegt keramik fannst í laginu ásamt nokkrum gjallmolum, lítið af brotnu gleri og tveimur brýnum.
48213	Gerði 19	Kolalag	Lagið liggur milli yfirborðslagi og torfhruni. Það er hugsanlega að hluta til brunnið torf. Tilgangur kolalagsins er óviss og hefur enga reglulega formgerð. Hugsanlega er það náttúrulega myndað. Lagið er mjög þétt, ljósbrúnt með svörtum kolum og rauðum sliki. Samsetning lagsins er kolablönduð mold í sandi og silti. Það er flekkjótt, breytilegt milli kola og moldar. Litlir, fáir steinar eru í torfinu ásamt brunnu torfi við botnmörk þess og fá brunnin bein. Lagið er um það bil 5 cm að þykkt og 50 cm að breidd. Mörkin eru mjög skýr. Lagið er ekki hreyft en það er brennt og gjóskulög eru engin. Lagið var allt sigtað og grafið upp með handafla. Tekið hefur verið sýni úr laginu með sýnanúmerið 48364. Í flæðiritinu liggur lagið undir eininganúmeri 47684 og yfir lagi 49486.
49062	Gerði 19	Torfveggur	Lagið er þétt í sér, gult, brúnt, appelsínugult og dökkfjólublátt. Samsetning lagsins er úr leirkenndu silti og flekkjótt. Lagið er 50 cm að þykkt. Mörk lagsins við næsta lag birtast smám saman. Rætur og ormar hafa raskað laginu að hluta

			til. Í laginu fannst landnámsgjóska. Ekki kemur fram hvort lagið hafi verið sigtað eða grafið með handafli. Lagið var grafið fram en ekki upp og tekin voru úr því sýni og lagið teiknað í plani. Samkvæmt flæðiritinu liggja þrjú lög yfir þessu lagi með eininganúmerunum 49283, 49342 og 49486. Undir laginu liggur náttúrulegt, óhreyft lag. Skrásetjari telur að lagið sé líklegast frá miðöldum.
49283	Gerði 19	Torfhrun	Lagið er torfhrun frá torfvegg [49062] og er mjúkt í sér, brúnt að lit með ljósum og dökkum flekkjum. Samsetning lagsins er úr silti, flekkjótt með einstaka kolaleifum og er um það bil 20 cm að þykkt. Mörk lagsins við næsta lag birtast smám saman. Lagið er nokkuð ormétið og rætur hafa raskað því þónokkuð. Engin gjóskulög finnast í laginu. Um 10% lagsins var sigtað en það var 90% grafið upp með handafli. Tekið hefur verið sýni og lagið teiknað í plani. Lagið fyrir ofan í flæðiritinu hafði eininganúmerið 47684, en lagið fyrir neðan 49062.
49342	Gerði 19	Torfhrun	Lagið er torfhrun frá torfvegg [49026] og er mjúkt í sér, brúnt að lit með ljósum og dökkum flekkjum. Samsetning lagsins er úr silti, flekkjótt með einstaka kolaleifum og smásteinum og er um það bil 20 cm að þykkt. Mörk lagsins við næsta lag birtast smám saman. Laginu hefur að hluta til verið raskað vegna orma og róta. Engin gjóskulög finnast í laginu. 10% lagsins var sigtað og 90% þess grafið upp með handafli. Tekið hefur verið sýni úr laginu og lagið teiknað í plani. Lagið fyrir ofan í flæðiritinu hafði eininganúmerið 47684, en lagið fyrir neðan 49062.
49486	Gerði 19	Torfhrun	Lagið er torfhrun frá torfvegg [49026] og er mjúkt í sér, brúnt að lit með ljósum og dökkum flekkjum. Samsetning lagsins er úr silti, flekkjótt með einstaka kolaleifum og er um það bil 20 cm að þykkt. Mörk lagsins við næsta lag birtast smám saman. Lagið er nokkuð ormétið og rætur hafa raskað því þónokkuð. Engin gjóskulög finnast í laginu. Um 10% lagsins var sigtað og 90% þess grafið upp með handafli. Tekið hefur verið sýni úr laginu og lagið teiknað í plani. Lagið fyrir ofan í flæðiritinu hafði eininganúmerið 48213, en lagið fyrir neðan 49062.


## Móakot

Eining nr	Svæði	Gerð	Lýsing
70	Móakot	Hellugólflag	Undir [48790]. Stórir flatir steinar, samtíða lagi [52257].
71	Móakot	Veggur úr grjóti og torfi	Veggur úr grjóti og torfi í vesturhorni byggingar. Veggurinn samanstendur úr tvöfaldri steinaröð og torflagi á milli. Veggurinn var eingöngu grafinn fram.
72	Móakot	Veggur úr grjóti	Veggur úr grjóti í austurhorni byggingar. Veggurinn samanstendur úr einfaldri steinaröð eins og er og hefur mögulega verið samnýttur með bogavegg (sem er án númera). Veggurinn var eingöngu grafinn fram.
47808	Móakot	Yfirborðslag	Lagið þekur allt uppgraftarsvæðið, allt að 50cm á steinahleðslum. Mjög ormétið og ríkt af gripum. Torfblönduð botnleðja, auðmulin, miðlungsbrún að lit, engin gjóska. Inniheldur: Bein, skeljar, steinvölur og sand. Gripir sem fundust í lagi: Keramik, gler, járn, skeifa, járngeall í SA hluta svæðisins og einnig dýrabein. Lagið var grafið upp í heild sinni.
47815	Móakot	Mannvistarlag	Mold með skeljasandsögnum, meiri skeljasandur út til hliðanna (meira til S og N) en í miðjunni. Þétt, brúnt, leðjulegt og sendið. Inniheldur dýrabein, skeljar og kol. Um 15-20cm þykkt. Ormétið og engin gjóska. Lagið var grafið upp með handafli að mestu en eitthvað stendur eftir.
48621	Móakot	Stoðarsteinar	Hluti af fjórum stoðarsteinabyrpingum sem mynda línu frá N til S, staðsettir miðsvæðis innan uppgraftarsvæðis. N af [48645]. 11 steinar, bæði stórir og miðlungsstórir, bæði kantaðir og ávalir. Stoðarsteinarnir voru allir grafnir upp með handafli.
48645	Móakot	Stoðarsteinar	Hluti af fjórum stoðarsteinabyrpingum sem mynda línu frá N til S, staðsettir miðsvæðis innan uppgraftarsvæðis. S af [48621]. 13 steinar, bæði stórir og miðlungsstórir, bæði kantaðir og ávalir. Stoðarsteinarnir voru allir grafnir upp með handafli.
48769	Móakot	Stoðarsteinar	Hluti af fjórum stoðarsteinabyrpingum sem mynda línu frá N til S, staðsettir miðsvæðis innan uppgraftarsvæðis. 7 steinar. Staðsett í N-enda


			uppgraftarsvæðis, utan við rúst. Steinar bæði kantaðir og ávalir. Stoðarsteinarnir voru allir grafnir upp með handafli.
48790	Móakot	Efsta lag innan byggingar	Sama og[47808] en mun fleiri gripir. Lagið var grafið upp með handafli.
52257	Móakot	Gólfslag	Undir [48790] Dökkbrún, fjólublá mold. Mjög þétt í NA-horni rústar. Hafði leðurkenda og feita áferð. Þétt móöskubreiða lá í austurhorni lagsins og var grafið upp með handafli. Mikið magn dýrabeina fannst í þessu lagi. Steinahrúga er í SA-hluta gólfsins. Lagið umkringir gólfslag [70]. Þrjú sýni voru tekin úr þessu lagi og eru það sýni númer: [52554], [52558] og [53632].
53266	Móakot	Stoðarsteinar	Hluti af fjórum stoðarsteinapyrpingum sem mynda línu frá N til S, staðsettir miðsvæðis innan uppgraftarsvæðis. Staðsett í S-við [48769], N-við [48621]. Steinar bæði kantaðir og ávalir. Stoðarholan er í [47815]. Stoðarsteinarnir voru allir grafnir upp með handafli.

## Flæðirit (e. *Stratigraphic matrix*)

Gerði 19



Móakot



# Sýnaskrá

## Gerði 19

Númer sýnis	Svæði	Númer jarðlags	Upplýsingar	Dagsetning
48364	Gerði 19	48213	Kolasýni	21.05.2013
Nr vantar	Gerði 19	47684	Bulksýni	21.05.2013
50108	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	30.05.2013
50109	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	30.05.2013
50110	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	30.05.2013
50111	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	30.05.2013
50112	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	30.05.2013
50113	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	30.05.2013
50114	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	30.05.2013
50115	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	30.05.2013
50116	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50117	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50118	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50119	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50120	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50121	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50122	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50123	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50124	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50125	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50126	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50127	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50128	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50129	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50130	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50131	Gerði 19	49342	Jarðvegssýni	31.05.2013
50132	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50133	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50134	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50135	Gerði 19	49342	Jarðvegssýni	31.05.2013
50136	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50137	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50138	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50139	Gerði 19	49342	Jarðvegssýni	31.05.2013
50140	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50141	Gerði 19	49283	Jarðvegssýni	31.05.2013
50142	Gerði 19	49062	Jarðvegssýni	31.05.2013
50143	Gerði 19	Sýni úr óhreyfðu lagi í N horni uppgriftarsv.	Jarðvegssýni	31.05.2013
50144	Gerði 19	49486	Jarðvegssýni	31.05.2013

### Skýringar á skema

	48213		49283		47684
	49486		49342		
	49062		Sýni úr óhreyfðu lagi í N horni uppgriftarsvæðisins		

## Móakot

Númer sýnis:	Númer lags:	Svæði:	Dagsetning:	Lýsing
51296	48790	Móakot	05.06.2013	Úr miðju lagi
52554	52257	Móakot	06.06.2013	Úr SA-horni gólflags
52558	52257	Móakot	06.06.2013	Úr NV-enda gólflags
53632	52257	Móakot	07.06.2013	Gjóskusýni úr NA-enda gólflags



## Skrá yfir skeljar

## Móakot

Safnnúmer B	Eininganúmer/Context number	Heiti/type	Efni/material	Lýsing	Lengd	Breidd	Hæð	Þyngd	Fjöldi	Brot
17	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Skeljabrot og hismisbrot af skel.	3 cm	1,5 cm	0,1 cm	0,5	1	2
31	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít skeljarbrot	2,3 cm	2 cm	0,2 cm	1,5	1	2
78	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvítt skeljarbrot.	4,4 cm	2,1 cm	0,1 cm	3	1	
119	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hismi utan af skel.	7 cm	3,5 cm	0,1 cm	1	1	
160	Lausafundur	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít skeljarbrot.	1,9 cm	1 cm	0,05 cm	1	1	11
162	Lausafundur	Kuðungur	Kalkskjöldur - Skel.	Litlir hvítir kuðungar.	1,9 cm	1,6 cm	0,8 cm	3	6	
168	Lausafundur	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hismi utan af skel.	8,5 cm	5 cm	0,05 cm	3		6
169	Lausafundur	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Þykk hvít skeljarbrot.	4,2 cm	2,3 cm	0,5 cm	5		2
175	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít, bleik og fjólublá skeljarbrot.	3,7 cm	1,8 cm	0,05 cm	6		23
183	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hismi utan af skel.	8,1 cm	5,8 cm	0,1 cm	2		2
188	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Lítill hvít skeljarbrot.	1,2 cm	1,3 cm	0,2 cm	0,5		7
224	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít skeljarbrot.	2 cm	1 cm	1 cm	<0,5		2
225	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel - Krákuskel.	Hismi utan af skeljarbroti.	25 cm	25 cm	1 cm	0,5	1	
249	48790	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít skel og hismi utan af skel.	4 cm	3,3 cm	0,2 cm	7	2	
281	48790	Kuðungur	Kalkskjöldur - Skel.	Litlir hvítir kuðungar.	1,2 cm	0,7 cm	0,9 cm	1	4	
284	48790	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít skeljarbrot og hismi utan af skel.	2,3 cm	2,2 cm	3 cm	4		5
317	47808	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Þykkt hvítt skeljarbrot.	2,7 cm	2 cm	0,6 cm	4	1	
335	48790	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít og brún skeljarbrot.	3 cm	1,5 cm	0,1 cm	3		4
342	48790	Kuðungur	Kalkskjöldur - Skel.	Hvítir kuðungar.	1,7 cm	1,5 cm	0,7 cm	1	2	
363	48790	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	Hvít skeljarbrot og hismi utan af skeljum.	4,5 cm	5 cm	1 cm	7		10
455	52257	Skel	Kalkskjöldur - Skel	Hismi utan af skel.	4,5 cm	2,9 cm	0,1 cm	2	1	5

462	52257	Kuðungur	Kalkskjöldur - Skel.	Hvítur kuðungur.	2,2 cm	1,2 cm	0,9 cm	2	1	
-----	-------	----------	----------------------	------------------	--------	--------	--------	---	---	--

## Skrá yfir dýrabein

### Gerði 19

Safnnúmer b	Eininganúmer/Context number	Tegund	Efni	Vigt	Brot	Athugasemd
408	47684	Bein	Dýrabein	52 g	3	Poki inniheldur annan poka með 2 tennur, sem mældist 40 g.

### Móakot

Safnnúmer b	Eininganúmer/Context number	Tegund	Efni	Vigt	Brot	Athugasemd
18	47808	Bein	Dýrabein	242 g	34	Poki inniheldur annan poka með tennur, sem mældist 5 g.
28	47808	Bein	Dýrabein	320 g	55	
54	47808	Bein	Dýrabein	44 g	10	Poki inniheldur annan poka með 2 tennur, sem mældist 16 g.
85	47808	Bein	Dýrabein	150 g	27	Poki inniheldur tvo aðra poka. Annar er með einni tönn sem mældist 6 g. Hinn pokinn er hugsanlega með tönn sem er eitthvað unnin.
121	47808	Bein	Dýrabein	500 g	63	Poki inniheldur annan poka með 6 tönnum, sem mældist 49 gr.
130	47808	Bein	Dýrabein	1 g	1	
143	47808	Bein	Dýrabein	98 g	13	Poki inniheldur annan poka með 2 tennur, sem mældist 29 g.
153	Lausafundur	Bein	Dýrabein	110 g	104	Poki inniheldur annan poka með tönn, sem mældist 7 g.
156	Lausafundur	Bein	Dýrabein	19 g	24	
171	Lausafundur	Bein	Dýrabein	6 g	7	
176	47808	Bein	Dýrabein	115 g	14	
186	47808	Bein	Dýrabein	76 g	19	Poki inniheldur annan poka með tennur, sem mældist 17 g.
205	47808	Bein	Dýrabein	110 g	15	Poki inniheldur annan poka með þremur tönnum, sem mældist 9 g.
